

Mánudaginn 23. marz 1953.

Kærumálið nr. 4/1953.

Torfi Vilhjálms

gegn

Akureyrarkaupstað.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur með kæru 4. þ. m., sem hingað barst 10. þ. m., skotið til Hæstaréttar frávísunardómi í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, er upp var kveðinn í bæjarþingi Akureyrar hinn 4. þ. m. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsenda hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 250.00.

Dómsorð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Torfi Vilhjálms, greiði varnaraðilja, Akureyrarkaupstað, kærumálskostnað, kr. 250.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. marz 1953.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar eða dóms þann 27. f. m., hefur stefnandi, Torfi Vilhjálms verkamaður, Eyrarvegi 25, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. febr. s.l., á hendur Akureyrarkaupstað og eru dómkröfur hans þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 3.106.49 auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega frávisunar, en til vara sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda í hvoru tilvikinu sem er.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávisunarkröfuna, og krafðist stefnandi þess, að henni yrði hrundið og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Málsatvik eru þau, að stefnandi hefur unnið sem daglaunamaður hjá stefnda allt frá árinu 1946. Allan þann tíma hefur hann verið trúnaðarmaður Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar á vinnustöð sinni. Um áramótin 1951—52 var tekin upp af hálfu stefnda vinnumiðlun undir umsjá nefndar, er til þess var kjörin. Stefnandi var látinn víkja úr vinnu eina og eina viku í senn á tímabilinu jan.—apríl 1952 og eina viku í jan. 1953. Hann telur þetta ólögmaett gagnvart sér, þar eð hann hafi sem trúnaðarmaður stéttarfélags síns átt forgangsrétt til vinnunnar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80 1938. Krefst hann þess að fá bætur, sem jafngildi kaupi og orlofsfé, er honum hefði borið þann tíma, sem hann varð af vinnunni, og nemur sú upphæð kr. 3.106.49.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að samkvæmt 44. gr. laga nr. 80 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sé það verkefni Félagsdóms að dæma í málum um brot á þeim lögum. Dómkrafa í máli þessu sé bótakrafa fyrir brot á 11. gr. laganna. Málið sé því ranglega höfðað fyrir bæjarþingi og beri að vísa því frá dómi.

Efni máls þessa er um það, hvort stefndi hafi brotið 11. gr. fyrrnefndra laga með því að láta stefnanda, trúnaðarmann stéttarfélags síns, víkja úr vinnu fyrir öðrum og um bótarétt hans í því sambandi.

Samkvæmt 1. tölulið 44. gr. laganna er verkefni Félagsdóms „að dæma í málum, sem rísa út af kærur um brot á lögum þessum“ og samkvæmt 47. gr. laganna er aðalreglan sú, að mál, sem höfða má fyrir Félagsdómi, skuli ekki flutt fyrir almennum dómstólum. Refsikrafa um brot á ákvæðum 11. gr., um forgangsrétt trúnaðarmanns stéttarfélags til vinnu, hefði eftir beinu orðalagi 44. gr. laganna átt að sæta meðferð Félagsdóms. Á sama hátt heyrir undir sérdómstól þennan að dæma um aðrar lögfylgjur, er leiðir af því að ákvæði þessi eru brotin, þar með bótakröfur, samanber 65. gr. laganna. Er mál þetta því ranglega höfðað fyrir bæjarþinginu og ber að vísa því frá dómi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250 kr.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Torfi Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Akureyrarkaupstað, kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.